

## Íþróttamaður fimleikadeildar Fjölnis 2016.

### Ásta Kristinsdóttir:

Ásta hefur stundað fimleika frá unga aldri hjá fimleikadeild Fjölnis. Hún er 16 ára gömul og er fyrirmynda iðkandi, hvort sem það er á æfingum, í keppnisferðum eða samskiptum við þjálfara og aðra iðkendur. Undanfarið ár hefur hún náð gríðarlegum árangri í hópfimleikum og er hún fremstu röð fimleikastúlkna í hennar aldursflokki.

### Afreksskrá 2016:

3. sæti í samanlögðum árangri á bikarmóti unglunga í 1.flokki.  
3. sæti í gólfæfingum á Íslandsmóti unglunga í 1.flokki.  
Valin í landsliðshóp fyrir Evrópumótið í hópfimleikum.  
Evrópumeistari með stúlkna Íslands í hópfimleikum.

## Íþróttamaður frjálsíþróttadeildar Fjölnis 2016.

### Helga Þóra Sigurjónsdóttir:

Helga hefur náð mjög góðum árangri í hástökki þrátt fyrir að vera aðeins 16 ára gömul. Hún hefur æft frjálsar íþróttir frá 9 ára aldri. Á síðasta ári fór hún að sýna gríðarlegar framfarir í hástökki og hefur verið að bæta sig enn meira á þessu ári. Hún hefur náð lágmörkum inn í afrekshóp FRÍ og var valin til að keppa fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti 19 ára og yngri síðasta sumar. Hún er nú með bestu hástökkvurum á landinu í kvennaflokki, ef ekki sú besta. Einungis nokkrar konur á Íslandi hafa stökkið hærra en hún hingað til. Einnig hefur hún náð góðum árangri í grindahlaupi og fleiri greinum.

### Afreksskrá 2016:

Besti árangur kvenna á landinu í hástökki bæði innanhúss 1,73 m og utanhúss 1,70 m. Sigurvegari á Reykjavík International Games í hástökki kvenna og fyrsta sæti í Bikarkeppni FRÍ. Íslandsmeistari í hástökki stúlkna 16-17 ára utanhúss og sigurvegari á Unglingalandsmóti í hástökki 16-17 ára stúlkna með nýtt mótismet 1,70 m.

## Íþróttamaður handknattleiksdeildar Fjölnis 2016.

### Sveinn Jóhannsson:

Af öllum öðrum ólöstuðum hefur Sveinn staðið sig með yfirburðum á árinu sem senn er að ljúka. Hann er einn af yngri mönnum meistaraflokks Fjölnis en engu að síður einn af máttarstólpum liðsins. Hann er einn af lykilmönnum U18 landsliðsins auk þess sem hann hefur verið kallaður inn í U20 landsliðið.

Sveinn er einn að efnilegustu línumönnum landsins.

## **Íþróttamaður karatedeildar Fjöl nis 2016.**

### **Viktor Steinn Sighvatsson:**

Hann hefur æft karate hj á deildinni frá 6 ára aldri eða í 9 ár. Hann er með svartabeltið og 2 dan. Þetta er 5 árið í röð sem hann er tilnefndur afreksmaður deildarinnar. Hann er einig í katalandsliði Íslands, náði best 5 – 8 sæti sem keppandi fyrir Íslands hönd.

### **Afreksskrá 2016:**

Gull á RIG (Reykjavík International Games) í kata cadet karla = Reykjavíkurmeistari.

Í Kobe Osaka mót Gull í kata 16-17 ára karla.

Íslandsmeistari í kata cadet karla.

3ja sæti á Bushidomótaröðinni í kata cadet 15 ára unglunga (stigakeppni yfir árið) Budo Nord karate open í Kristianstad – Silfur í kata cadet karla.

## **Íþróttamaður knattspyrnudeildar Fjöl nis 2016.**

### **Viðar Ari Jónsson:**

Viðar Ari var lykilmáður í liði mfl. karla sem náði besta árangri félagsins frá upphafi í boltagreinum, liðið endaði í 4. sæti með 37 stig og munaði bara einu stígi að þeir næðu Evrópusæti.

Að auki spilaði Viðar Ari 5 leiki með U21 liði Íslands sem var hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni EM á næsta ári.

Viðar Ari er mikill keppnismaður sem gefur allt sem hann á í leikinn, hann er góð fyrirmynd ungra iðkenda.

## **Íþróttamaður körfuknattleiksdeildar Fjöl nis 2016.**

### **Róbert Sigurðsson:**

Róbert er einn mikilvægasti leikmaður meistaraflokks karla í körfubolta. Þrátt fyrir að vera einungis 22 ára þá hefur hann stjórnað liðinu eins og herforingi síðustu þrjú tímabil og hefur bætt sig með hverju tímabilinu sem líður. Eins og staðan er núna er hann stigahæsti og stoðsendingahæsti íslenski leikmaðurinn í 1.deild karla þar sem Fjöl nir situr í 2.sæti. Jafnframt er hann framlagshæsti íslenski leikmaðurinn í deildinni.

## **Íþróttamaður skákdeildar Fjöl nis 2016.**

### **Dagur Ragnarsson:**

Dagur er aðeins 19 ára en hefur verið stigahæstur íslenskra skákmanna 20 ára og yngri í þrjú ár.

### **Afreksskrá 2016:**

Dagur sigraði örugglega á Meistaramóti Skákskóla Íslands.

Dagur sigraði á gríðarlega sterku skákmóti í Uppsala í Svíþjóð í lok október. Stuttu áður hafði Dagur náð 2. sæti í A flokki á Haustmóti TR, sterkasta skákmóti landsins á haustmánuðum.

Dagur fékk verðskuldaða athygli á Íslandsmóti skákfélaga í Rimaskóla nú í haust þegar hann vann afar sannfærandi sigur á stigahæsta skákmanni Íslands, hinum 11 falda Íslandsmeistara Hannesi Hlífari Stefánssyni, í viðureign Fjölnis og Hugins en þessar skáksveitir eru í 1. og 3. sæti Íslandsmótsins eftir 5 umferðir af 9.

Dagur Ragnarsson er ásamt tveimur jafnöldrum sínum liðsmaður A sveitar Fjölnis sem náði 3. sæti á Íslandsmóti skákfélaga 2016, efnilegustu skáksveit landsins að mati skáksérfræðinga.

## Íþróttamaður sunddeildar Fjölnis 2016.

### Jón Margeir Sverrisson:

Jón Margeir hefur verið meðal bestu sundmanna í heiminum í fötlunarflokki S-14 síðastliðinn fimm ár. Hann hefur á þessum tíma náð að synda til úrslita og verðlauna á flest öllum stórmótum sem hann hefur tekið þátt í. Árið 2016 var engin undantekning á því.

### Afreksskrá 2016:

Jón Margeir setti fjöldann allan af Íslandsmetum á árinu og á nú flestöll met í sínum fötlunarflokki, nema í baksundi.

Jón Margeir setti tvö heimsmet í 25m laug, í 400m skriðsundi og hins vegar í 100m bringusundi. Vann til silfur verðlauna í 200m skriðsundi á EM á Madeira í byrjun maí og var í úrslitum í 100m bringusundi og 200m fjórsundi og tryggði sér þáttökurétt á Paralimpics í Ríó.

Jón Margeir setti heimsmet opna þýska meistaramótinu í júní í 800m skriðsundi.

Í September 2016 tók Jón Margeir svo þátt í Paralimpics í Ríó þar sem hann synti til úrslita í 200m skriðsundi þar sem hann hafnaði í 4.sæti og 200m fjórsundi þar sem hann hafnaði í 5.sæti. Auk þess var hann rétt við að komast í úrslit í 100m bringusundi.

Jón hefur nú ákveðið að hætta keppni í sundi og enn æfir áfram með Sunddeild Fjölnis og stefnir á keppni í þríþraut á næsta ári.

## Íþróttamaður Tennisdeildar Fjölnis 2016.

### Hera Björk Brynjarsdóttir:

Hera hefur verið afreksmaður deildarinnar undanfarin ár, hún er mikil íþróttakona, samviskusöm og fylgin sér. Hera var valin í kvennalandsliðið á árinu.

### Afreksskrá 2016:

Þáttakandi í Federation Cup fyrir hönd Íslands með sinn fyrsta sigur á Fed Cup gegn leikmanni númer 1 hjá Kósóvó, Edita Raca með flottan leik og sigrum í þremur settum 6-2, 6-7(4) og 6-2.

2. sæti í Meistaramót TSÍ í Janúar 2016

Íslandsmeistari í meistaraflokki Innanhús í einliða-, tvíliða- og tvendaleik.

Íslandsmeistari í meistaraflokki utanhús í tvennda- og tvíliðaleik.

2. sæti í meistaraflokki utanhús í einliðaleik.

1. sæti á stórmóti TSÍ ITN í einliðaleik.

## **Tilnefningar til Fjölismanns ársins 2016.**

### **Fimleikadeildin tilnefnir Jarþrúði Hönnu Jóhannsdóttur til Fjölismanns ársins 2016.**

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir formaður fimleikadeildar Fjönis og ungmennafélagskona hefur unnið fyrir deildina í rúm 8 ár. Á þessum tíma hefur hún unnið að gríðarlega mörgum verkefnum bæði stórum og smáum. Rekstur deildarinnar komst í gott horf og skynsamlegar ákvarðanir en þó sanngjarnar hafa verið teknar undir hennar leiðsögn og mótað starf fimleikadeildarinnar til framtíðar. Hún á stóran þátt í því að nýtt fimleikahús sé nú risið við Egilshöll og fylgir enn eftir þeim verkefnum sem tekið hafa við vegna stækkunar deildarinnar. Hanna hefur einnig setið í stjórn frjálsíþróttadeildar og handknattleiksdeildar og skilaði þar gríðarlega góðu starfi eins og henni er von og vísa. Einnig sat hún í aðalstjórn félagsins og sinnti því starfi af sömu natni og áhuga. Hanna tekur að sér öll verkefni með bros á vör og það er alltaf skemmtileg og gefandi að vera í kringum hana.

### **Handknattleiksdeildin tilnefnir Svein Þorgeirsson til Fjölismanns ársins 2016.**

Sveinn er einn af þeim mönnum sem leggur allan sinn metnað fyrir félagið og starf sitt. Hann er einn af þeim reyndu mönnum sem komu til baka til að gera meistaraflokk karla í handbolta raunhæfan kost, auk þess að vera yfirþjálfari allra yngri flokka. Hann er driffjöðrin á bakvið íþróttakademíu Fjölnis sem vinnur á samstarfi við grunnskólana í Grafarvogi. Sveinn er núna í forsvari fyrir íþróttakademíu Borgarholtsskóla sem vaxið hefur til vegs og virðingar og virðist geta orðið eitt að sterkustu sérkennum þess skóla. Sveinn Þorgeirsson er einn að þeim sem gerir félagið að félagi. Metnaður, fagmennska og auðmýkt eru allt orð sem eiga við í hans fari.

### **Knattspyrnudeildin tilnefnir Guðmund Búa Guðmundsson til Fjölismanns ársins 2016.**

Búi hefur á undanförunum árum unnið mikið og óeigingjarnt starf í kringum meistaraflokk kvenna. Búi hefur verið í lykilhlutverki við að efla umgjörðina í kringum liðið og hefur á þeirri vegferð tekið að sér ótrúlegustu verkefni þar sem hann skorast aldrei undan. Það skiptir ekki máli hvort þarf að standa kaffi- eða hamborgaravaktina í sjoppunni, keyra liðið út á land, skrifa pistla á Facebook eða sinna öðrum mis skemmtilegum verkefnum alltaf skal Búi vera klár. Búi er ekki einn af þeim sem vill láta mikið á sér bera og er ekki að eyða miklum tíma í að ræða um hlutina. Hann einfaldlega bara gengur í hlutina og klárar þá með jákvæðni með hagsmuni meistaraflokks kvenna að leiðarljósi.

### **Körfuknattleiksdeildin tilnefnir Guðlaugu Björk Karlsdóttir til Fjölismanns ársins 2016.**

Guðlaug hefur unnið óeigingjarnt starf í garð körfunnar sem og Fjölnis síðustu ár. Hún hefur átt stóran þátt í skilvirkari vinnu deildarinnar og eftir hennar tilkomu í SAMbíómótsnefndina hefur móti stækkað gríðarlega mikið. Körfuknattleiksdeild Fjölnis á Guðlaugu mikið að þakka fyrir hennar störf í þágu deildarinnar og félagsins en hún hefur starfað í kringum deildina sem foreldri, eiginkona þjálfara og stjórnarmaður.